

Þetta skjal inniheldur upplýsingar um helstu fjárfesta þessa sjóðs. Þetta er ekki ætlað til markaðssetningar. Það er lagaleg krafa að birta þessar upplýsingar til þess að aðstoða þig við að skilja eðli þess og áhættur þess að fjárfesta í þessum sjóð. Þér er ráðlagt að lesa þetta svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú vilt fjárfesta eða ekki.

Eleva UCITS Fund- Eleva Absolute Return Europe Fund - Class I (EUR) acc.

(ISIN: LU1331972494) Eleva Absolute Return Europe Fund ('sjóðurinn') er undirsjóður Eleva UCITS Fund ('fyrirtækisins').

Lemanik Asset Management S.A. er stjórnunarfyrirtæki ("Stjórnunarfyrirtækið") þessa fyrirtækis.

Markmið og fjárfestingarstefna

- Sjóðurinn leitast við að ná hreinum arði til meðallangs tíma með fjarmagnsvexti með því að fjárfesta aðallega í verðbréfum og verðbréfatengdum fjárfestingum skráðum á evrópskan verðbréfamarkað, bæði með skammtímafjárfestingum og langtímafjárfestingum.
- Sjóðurinn mun sækjast eftir því að ná þessum fjárfestingarmarkmiðum með beinum stutt/langtímafjárfestingum. Með því að nota þessa fjárfestingastefnu mun sjóðurinn fjárfesta, eða taka að sér bæði langtíma og styttri tíma áhættuskuldbindingar í skráðum verðbréfum og fjármagnstengdum verðbréfum (sem gætu innihaldið, án þess að takmarkast við, breytanleg verðbréf) og kaupréttarsamninga á markaðsvirði.
- Sjóðurinn mun ekki fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í rússneskum eða tyrkneskum verðbréfum eða skuldabréfum.
- Sjóðinum er ekki stjórnað með viðmiðunarvísitölu í huga.

- Sjóðnum er heimilt að nota afleidda fjármálagerninga (fjármálagerningar þeir sem verðgildi byggir á einni eða fleirri undirliggjandi eignum til þess að lágmarka möguleikann á tapi eða til þess að auka hagnað.
- Hugsanlegt er að sjóðurinn standi fyrir lánastarfsemi á verðbréfum.
- Sala hluta í sjóðnum getur farið fram hvaða virkan dag sem er.
- Þessum hlutabréfaflokki er ekki ætlað að dreifa út arði. Hver sá hagnaður sem verður af fjárfestingum sjóðsins mun verða notaður til endurfjárfestingar og endurspeglar verðgildi þessa hlutabréfaflokks.
- Athugið: Ekki er víst að þessi sjóður henti þeim fjárfestum sem áætla að taka út fé sitt innan fimm ára.

Upplýsingar um áhættu og umbun

Minni áhætta ← Meiri áhætta
Mögulega minni umbun → Mögulega hærri umbun

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

- Lægsti flokkur tryggir ekki að fjárfesting sé áhættulaus.
- Það áhættu og umbunamat sem hér er sýnt er ekki tryggt og getur breyst með tímanum.
- Þar sem þau frammistöðugögn sem sjóðurinn hefur eru yngri en fimm ára, eru spár byggðar á líklegu markaðsflökki en ekki beinhörðum gögnum um framtíðar áhættur og umbun sjóðsins.
- Sjóðurinn er metinn 3. stigs þar sem söguleg virðismódel gefa til kynna litlar sveiflur. Þó verður að hafa í huga að vegna eðli fjárfestinganna, verður að taka þær áhættur sem hér verða listaðar með í reikninginn.
- Engin trygging er fyrir því að sjóðurinn nái þeim markmiðum sínum að tryggja fjárfestum hreinan arð.

Hugsanlegt er að ekki sé hægt að meta á fullan máta eftirtaldir áhættur með þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að reikna út áhættumat:

- Langtíamarkmið og markmið til styttri tíma: Þegar sjóðurinn eltir markmið sín til styttri eða lengri tíma, á sjóðsstjórnandi það til að líta til markaða fremur en opinberra stofnanna, þ.a.l. mun undirsjóðurinn verða fyrir áhrifum af markaðssveiflum og óstöðugleika.
- Tryggingaráhætta: Greiðsluþrot hvers þess fyrirtækis sem bíður upp á þjónustu s.s. varðveislu eigna, tryggingu afleiðna eða annara eigna getur valdið sjóðnum fjárhagstapi.

- Gjaldeyrissáhætta: Þar sem sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum sem gefin eru út í mörgum mismunandi gjaldmiðlum geta gengisbreytingar, þegar ekki er tryggt gegn þeim valdið því að verðgildi fjárfestingar minnkar eða eykst.

- Afleiðuáhætta: Verðgildi afleiðna getur aukist og minnkað á meiri hraða en hlutabréf og skuldabréf. Tap getur orðið meira en upphafleg fjárfesting. Þessi áhætta er minnkuð með því að eiga dreifa fjárfestingum sem ekki eru afleiður sem víðast.

- Fjármagnsáhætta: Sú áhætta að virði fjárfestingar minnki vegna breytinga á hlutabréfamarkaði.

- Markaðsáhætta: Eignir sjóðsins geta minnkað vegna aðgerða stjórnvalda eða vegna pólitískra breytinga sem einnig getur haft áhrif á frjáls viðskipti með viðkomandi gjaldmiðil. Einnig getur komið upp áhætta vegna möguleika á því að aðgangur að upplýsingum sé takmarkaður ásamt minna eftirliti og stjórn á sumum mörkuðum. Frammistaða þessara markaða getur verið háð talsverðum sveiflum.

- Skammtímasveiflur sem gera má ráð fyrir: Að taka skortstöðu gegn hlutabréfum felur í sér áhættu á ótakmörkuðum vexti á markaðsverði hlutabréfanna sem gæti valdið því erfiðleikum á að viðhalda skammtímastöðu og þ.a.l. mögulega valdið ótakmörkuðu tapi. Að taka skortstöðu getur einnig valdið undirsjóðum skuldsetningaráhættu. Ekki er hægt að gefa neina tryggingu fyrir því að verðbréf sem hægt er að kaupa verði fyrir hendi til þess að tryggja skammtímastöðu.

Ítarleg lýsing á áhættuþáttum má finna í útboðslýsingu fyrirtækisins í "viðauka um áhættuþætti".

Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnaðinn við að reka sjóðinn, þ.m.t. kostnaðinn við markaðssetningu og dreifingu. Þessi gjöld minnka mögulegan vöxt fjárfestingar þinnar.

Gjöld sem rúkuð eru áður eða eftir að þú fjárfestir	
Inngöngukostnaður	3,00 %
Útgöngukostnaður	0,00 %
Gjöld tekin úr sjóði undanfarið ár	
Viðvarandi gjöld	1,55 %
Gjöld sem tekin eru af sjóðnum undir ákveðnum og sértækum kringumstæðum	
Árangursgjöld	20,00% af gróða heildar eignarvirðis sem fer yfir hámarksgróða (e. High water mark).

Inngögnu og útgöngukostnaður sem hér er sýndur er hámarkskostnaður. Í sumum tilvikum gætir þú borgað minna. Vinsamlegast hafðu samband við fjármálaráðgjafa þinn eða dreifingaraðila til þess að fá upplýsingar um raunkostnað.

Þar sem hlutabréfaflokkurinn hefur ekki verið í gangi í heilt ár enn sem komið er, er upphæð viðvarandi gjalda áætluð.

Þessi upphæð getur verið breittileg frá ári til árs. Hún inniheldur:

- árangursgjöld.
- Viðskiptakostnað, nema í þeim tilvikum þegar inngangs/útgangsgjöld eru borguð af sjóðnum þegar einingar eru keyptar eða seldar í öðru fyrirtæki vegna sameiginlegrar fjárfestingar.

Vinsamlegast athugið að nánari upplýsingar um gjöld má finna í kaflanum "Gjöld og kostnaður" í útboðslýsingu sjóðsins.

Fyrri árangur

Vinsamlegast athugið að heilsársýfirlit yfir frammistöðu er ekki í boði fyrir þennan hlutabréfaflokk.

Sjóðurinn hóf starfsemi þann 30 desember 2015. Ekki er enn búið að virkja þennan flokk.

Hagnýtar upplýsingar

- Þessar upplýsingar um lykilfjárfesti eru sértækar fyrir þennan hlutabréfaflokk. Aðrir hlutabréfaflokkar eru í boði fyrir þennan sjóð eins og lýst er í útboðslýsingu fyrirtækisins.
- **Vörsluaðili:** Eignir sjóðsins eru Brown Brothers Harriman (Luxembourg) S.C.A. í vörslu og eru aðskildar eignum annara sjóða fyrirtækisins. Ekki er hægt að nota eignir sjóðsins til þess að greiða skuldir annara undirsjóða fyrirtækisins.
- **Frekari upplýsingar:** Frekari upplýsingar um fyrirtækið (þ.m.t. núverandi skráningarlýsingu og ársskýrslu) er hægt að nálgast á ensku, einnig er hægt að nálgast upplýsingar um sjóðinn og aðra hlutabréfaflokka (þ.m.t. núverandi verð á hlutabréfum og útgáfur af þessu skjali öðrum tungumálum) án aukakostnaðar á vefslóðinni www.elevacapital.com. Einnig er hægt að skrifa til fyrirtækisins en heimilisfangið er 106, route d'Arlon, L-8210 Mamer, Luxembourg, tölvupóstfang er info@lemanik.lu.
- **Endurgjaldsstefna:** Hægt er að nálgast prentað eintak af endurgjaldsstefnu stjórnunarfyrirtækisins án aukakostnaðar ef óskað er eftir. Þessi prentútgáfa inniheldur m.a. lýsingu á því

hvernig endurgreiðslur og hlunnindi eru reiknuð út, upplýsingar um aðilana sem ábyrgir eru fyrir viðkomandi endurgreiðslum og hlunnindum og ýmislegt fleira. Einnig má nálgast viðkomandi upplýsingar um endurgreiðslustefnuna á vefslóðinni http://www.lemanikgroup.com/management-company-service_substance_governance.cfm.

- **Skattaskylda:** Fyrirtækið fer eftir skattalögum Lúxemborgar sem geta haft áhrif á stöðu þína gagnvart skattayfirvölfum sem fjárfestir í sjóðnum.
- **Ábyrgð:** Lemanik Asset Management S.A. er ábyrgt fyrir öllu því sem kemur fram í þessu skjali og er misvísandi, ónákvæmt eða er í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.
- **Sértækar upplýsingar:** Þú getur breytt hlutabréfum þínum yfir í sama eða annan flokk eða undirsjóðsflokk, svo fremi sem þú uppfyllir ákveðin skilyrði. Frekari upplýsingar má finna undir kaflanum "Breytingar" í viðkomandi viðauka útboðslýsingu fyrirtækisins.